

**Stjórn SORPU bs.**

Reykjavík 11. apríl 2016

**V / áhættustefna gagnvart fjárhagsáhættu**

Á stjórnarfundum SORPU bs., nr. 329 þann 17.12.2013 var kynnt hugmynd að áhættustefnu gagnvart fjárhagsáhættu sem Capacent vann samhliða því sem metin var áhætta við gerð nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar. Ekki varð úr frekari umfjöllun um drögin. Í ljósi skýrslu pwc um innri endurskoðun er hins vegar þörf á að stjórn samþykki slíka áhættustefnu og er því tillaga Capacent rifjuð upp hér. Eftirfarandi var kynnt á ofangreindum stjórnarfundum:

„Hér er lögð fram hugmynd að áhættustefnu fyrir SORPU vegna fjárhagsáhættu. Hugmyndin er eftirfarandi:

1. Stjórn SORPU gerir samþykkt um ásættanlega áhættu í rekstri byggðasamlagsins. Gera má ráð fyrir að viðmið um ásættanlega áhættu taki mið af viðmiðum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
  2. Árlega leggur framkvæmdastjóri SORPU fjárhagsáætlun fyrir stjórn byggðasamlagsins. Með áætluninni skulu fylgja næmigreiningar á helstu forsendum áætlunarinnar og sviðsmyndir þar sem stillt er upp mislíklegum breytingum á þeim forsendum sem mest áhrif hafa á afkomu samlagsins. Annars vegar skal meta áhrif þeirra breyta sem mest áhrif myndu hafa á niðurstöðurnar og hins vegar skal meta áhrif þeirra forsendna sem líklegast er að geti breyst (sjá töflu).
  3. Samhliða fjárhagsáætlun til næsta árs leggur framkvæmdastjóri fram áætlun til þriggja ára til viðbótar næsta árs áætlun. Á sama hátt skulu lagðar fram næmigreiningar helstu forsendna.
- Í þeim tilvikum að fjárfestingar nema 5% af eigin fé eða þeirri upphæð sem kveðið er á um í 66. gr. sveitarstjórnarlaga skal auk þess lagt fram álit sérfróðs aðila um áhrif fjárfestinganna á fjárhag SORPU.
4. Ársfjórðungslega skal framkvæmdastjóri SORPU leggja fyrir stjórn byggðasamlagsins niðurstöður úr rekstri í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og efnahagsreikningi. Áætlun ársins skal metin samhliða og uppfærð eftir atvikum.

Líkur á að breyting á forsendu muni raungerast		
Vægi breytingar á forsendu ef hún raungerist	Litlar líkur	
	Lítill áhrif	Miklar líkur
Lítill áhrif	Áhrif metin í næmigreiningu, en niðurstöður ekki lagðar fyrir stjórn.	Áhrif meting í næmigreiningum og niðurstöður lagðar fyrir stjórn.
Mikill áhrif	Áhrif metin í næmigreiningum og niðurstöður lagðar fyrir stjórn.	Meta skal áhrif í sviðsmyndum

Undirritaður leggur til að áhættustefna vegna fjárhagslegrar áhættu SORPU verði sem hér segir:

1. Fjárhagsáætlanir SORPU skulu taka mið af eftirfarandi:
  - a. Framlegð/tekjur >15%
  - b. Veltufé frá rekstri/tekjur >7,5%
  - c. Heildarskuldir/reglulegar tekjur < 150%
  - d. Jafnvægisregla (niðurstaða í 3 ár) jákvætt

Ekki er þörf á að öllum skilyrðum sé í öllum tilvikum fullnægt, en leggja skal sérstakt mat á stöðuna ef a.m.k. tvö skilyrði eru utan marka.

2. Árlega leggur framkvæmdastjóri SORPU fjárhagsáætlun fyrir stjórn byggðasamlagsins. Með áætluninni skulu fylgja næmigreiningar á helstu forsendum áætlunarinnar og sviðsmyndir þar sem stillt er upp mislíklegum breytingum á þeim forsendum sem mest áhrif hafa á afkomu samlagsins, annars vegar þeirra breyta sem mest áhrif myndu hafa á niðurstöðurnar og hins vegar þeirra forsendna sem líklegast er að geti breyst (sjá töflu)

Líkur á að breyting á forsendu muni raungerast		
	Litlar líkur	Miklar líkur
Lítill áhrif	Áhrif metin í næmigreiningu, en niðurstöður ekki lagðar fyrir stjórn.	Áhrif meting í næmigreiningum og niðurstöður lagðar fyrir stjórn.
Mikil áhrif	Áhrif metin í næmigreiningum og niðurstöður lagðar fyrir stjórn.	Met a skal áhrif í sviðsmyndum

3. Samhliða fjárhagsáætlun til næsta árs leggur framkvæmdastjóri fram áætlun til þriggja eða fimm ára til viðbótar næsta árs áætlun. Á sama hátt skulu lagðar fram næmigreiningar helstu forsendna. Í þeim tilvikum að fjárfestingar nema 5% af eigin fé eða þeirri upphæð sem kveðið er á um í 66. gr. sveitarstjórnarlaga skal auk þess lagt fram álit sérfróðs aðila um áhrif fjárfestinganna á fjárhag SORPU.
4. Ársfjórðungslega skal framkvæmdastjóri SORPU leggja fyrir stjórn byggðasamlagsins niðurstöður úr rekstri í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og efnahagsreikningi. Áætlun ársins skal metin samhliða og uppfærð eftir atvikum.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri